



## Fundargerð nr. 34 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 20.05.2025  
**Fundartími:** 8:15-  
**Fundarmenn:** Haraldur Einarsson, formaður  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti  
Pálmi Þormóðsson, verkefnastjóri verklegra framkvæmda  
Börkur Brynjarsson ráðgjafi

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

### 1. Kortagrunnur vatnsveitu

Rætt um flokkun á lögnum og nánari upplýsingar um lagnirnar. Bæta þarf við þekju fyrir bilanir.

Grunnurinn eins og hann er núna er kominn til Loftmynda. Almennt er þetta þannig að sveitarfélagið þarf að senda reglulega uppfærðan grunn til Loftmynda og þeir setja inn nýjar upplýsingar.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að skoðað verði með Loftmyndum hvað sveitarfélagið getur sjálft séð um að setja inn í grunninn án milliliða t.d bilanir og viðhald á lögnum. Pálmi tekur samtal við Loftmyndir.*

*Efla mun deila grunninum með sveitarfélaginu. Börkur sendir grunninn á Flóahrepp.*

### 2. Framkvæmdir hjá vatnsveitunni – staða verkefna:

a. Ruddakrökur – Tengja stýringu, tengja lögn milli Neistastaða og Ruddakróks  
Verið er að koma rafmagnstengingu á. Stóð til að klára á dögnum. Í framhaldi af þessari framkvæmt er hægt að fara í tengingu við Dalsmynniss hlutann. Jón Valgeir verktaki í vatnsveitu sér um þetta verkefni.

b. Vöktunarkerfi í vatnsveitu  
Efla mun bara sjá um skjákerfið en Guðmundur Daníelsson tekur þetta verkefni áfram að öðru leiti. Komin verklýsing frá honum.

*Hulda ræðir við Guðmund um að bæta nýja dæluhúsinu við Uppsali við í verkið.*

Umræða um frekari vöktun á kerfinu þegar lengra líður. T.d rennslismæla og loka.

c. Dæluhús við Uppsali og tenging á gömlu lögninni við Þjóðveg 1 inn á nýju lögnina  
Rætt um að staðsetja húsið eins sunnarlega á veginum og hægt er. Lagnir verða lagðar um leið og púðinn er tekinn. Miðað við að húsið verði smíðað annarsstaðar og flutt á staðinn.



Pálmi er búinn að heyra í Rarik út af rafmagninu og í landeiganda vegna framkvæmda við veg, púða og girðingar á næstunni.

*Pálmi skoðar hverju þarf að skila inn til byggingarfulltrúa og óskar eftir verði í smíði á dæluhúsinu frá þremur aðilum.*

*Pálmi talar við Stein Þórarinsson verktaka í vatnsveitu um að leggja veg og gera púðann og lagnirnar.*

*Börkur klárar að panta þann tækjabúnað sem þarf. Dælan komin en hraðabreytirinn ekki.*

- d. Tenging frá Huldu- og Maríuhólum að sverari lögn við Skeiðavegamót Ólasvellir ehf. komnir langt í þessu verkefni. Klárar innan svæðisins og fer svo í að klára þann part sem vantar frá hverfinu og að lögn við Skeiðaveg. Börkur búinn að fara þangað í eftirlitsheimsóknir og er sáttur með framkvæmdina. *Pálmi mæli inn lögn inn eftir á með tækinu sem sveitarfélagið á.*
- e. Styrking frá Súluholti að Súlum þarf ekki að fara alveg upp að Súluholti til að sækja vatn. Nóg að fara að Rimum. Jón Valgeir verktaki í vatnsveitu sér um þetta verkefni.
- f. Súlu íbúðabyggð Jón Valgeir verktaki í vatnsveitu sér um þetta verkefni. Verið að bíða eftir upplýsingum frá Rarik og Ljósleiðaranum. *Börkur búinn að taka saman efnið og mun panta það.*
- g. Styrking að Hróarsholtsvegi/Skyggir Farið að Króksafleggjaranum til að styrkja lögn að Skyggni. Jón Valgeir verktaki í vatnsveitu sér um þetta verkefni.
- h. Styrking vegna nýrra landeigna í landi Mýra 110mm lögn í gegnum Mýrar. Þarf að skoða þetta skipulag og þörfina á endurnýju/styrkingu eða breytingu á stofninum vegna samþykks deiliskipulags. Skoða þarf hver ber ábyrgð á kostnaði vegna fæslu á stofninum.

*Börkur mun kalla eftir því að frá grunninn af skipulaginu.*

*Pálmi tekur samtál við lendeigendur þar sem núverandi stofn ver í gegnum tvo byggingarreiti. Koma þarf merkingu á núverandi lögn.*

*Framkvæmda- og veitunefnd ítrekar mikilvægi þess að lagnaleiðir séu skoðaðar þegar fjallað er um ný deiliskipulög í skipulagsnefnd og í sveitarstjórn.*

### 3. Tilboð í hreinistöðvar

Börkur lagði fram minnisblað með samanburði á hreinsistöðvum frá þremur mismunandi aðilum. Pálmi fór og skoðaði hreinsistöð sem verið er að koma niður í Árnesi á dögnum. Skiptir máli að stöðvarnar séu hagkvæmar og auðveldar í viðhaldi og rekstri.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að hönnun á fráveitu taki mið af því að regnvatn/yfirborðsvatn fari ekki inn í sameiginlega fráveitu og hreinistöð heldur í púkk innan lóðar. Ekki verið tvöfalt kerfi í fráveitunni. Skoðað verið að leiða vatn af götum í svelgi á*



*nokkrum stöðum. Nefndin mælist til þess að hagstæðasta tilboðinu í samanburðarskjalinu verði tekið en það tilboð gerir ráð fyrir að innkaup á einni stöð kosti um 15 milljónir án vsk. með flutningi til okkar. Ein ATO200 hreinsistöð verði tekin í upphafi og möguleiki á að bæta annarri við.*

*Lagt til að skoðað verði að hafa hreinsivirkin á tveimur stöðum til að stytta lagnaleiðir og gerður veri samanburður sem sýni mun á kostnaði við hreinsivirki á tveimur stöðum eða á einum stað.*

*Áfangaskiptingu á uppbyggingu íbúðarbyggðarinnar taki mið af ofangreindu.*

*Börkur mun láta vinna minnisblað um hreinsistöðina til að senda á Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.*

#### 4. Önnur verkefni

- a. Breytingar í Þingborg – Stækkun á sal  
Pálmi mun taka að sér undirbúning verkefnis og byggingarstjórn. Unnið er að lokateikningum sem verða sendar inn til byggingarfulltrúa vegna breytinga á salnum.
- b. Breytingar í Þjórsárverri – Endurnýjun salerna  
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna heldur utanum undirbúning á verkefninu. Búið að teikna að mestu upp en beðið eftir málsettum teikningum af breytingum. Ekki byggingaleyfisskilt þar sem um er að ræða endurnýjun en ekki breytingar.
- c. Áhaldahús  
Brynjar Jón og Pálmi eru að skoða þetta í samvinnu við framkvæmdaaðila. Pálmi mun fara yfir skilalýsingu og önnur atriði sem snúa að fyrirhuguðum kaupum á áhaldahúsi.
- d. Vinnubúðir við Ölfusárbrú  
ÞG búnir að greiða fyrir eina vatnstengingu.  
*Börkur og Pálmi munu skoða hvort rukka þurfi fyrir aðra tengingu og koma fyrir mæli. Vinnubúðirnar munu greiða fyrir kalt vatn frá vatnsveitunni skv. notkun.*

#### 5. Til kynningar

- a. Handbók vatnsveitu  
Póstur frá Heilbrigðiseftirlitinu í morgun en þau eru að klára yfirferð á handbókinni.
- b. Fyrirhugaður samráðsfundur vegna Þjórsár- og Fossabrautar  
Fundur haldinn fimmtudaginn 22. maí þar sem veituaðilar samræma næstu skref í málnu. Lögð áhersla á að framkvæmdaraðili greiði raunkostnað fyrir lagningu á stofni innan svæðisins.

**Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar er áætlaður 19. ágúst í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*